

Lestrarstefna og viðmið í lestri á miðstigi



Lestrarkennsla er mikilvægt viðfangsefni bæði heimila og skóla. Nútímasamfélag gerir kröfur til þess að við séum vel læs á margs konar texta hvort sem þeir birtast á hefðbundinn hátt í rituðu máli eða nútímalegri máta svo sem á rafrænu formi á skjárn ymissa algengra tækja.

Þjálfaður lestur byggist á því að lesandinn nái góðum tökum á þrenns konar færni :

- Hann þarf að eiga auðvelt með að greina hið flókna samspil bókstafa og hljóða til að geta umskráð orðin sem síðan festast smám saman í sjónrænu orðasafni hugans.
- Hann þarf að hafa góðan málskilning og góðan orðaforða til þess að skilja merkingu textans.
- Hann þarf að hafa góða lesfimi, geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust til að geta beint athyglinni að innihaldi lestextans.

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum og markmiði. Forsenda lesskilnings er góður orðaforði og málskilningur. Minnið hefur veigamiklu hlutverki að gegna, en það sem mestu skiptir eru þó þær námsaðferðir sem nemandinn beitir við lesturinn.

Góð lestrarkunnátta er undirstaða fyrir góðum námsárangri nemenda til framtíðar.



Viðmið skóla

Í Hvolsskóla göngum við út frá eftirfarandi viðmiðum í lestri. Viðmiðin sýna hversu mörg atkvæði á mínuðu er ætlast til að nemendur geti lesið um að vori. Viðmiðin taka mið af því hversu færir nemendur þurfa að vera í lestri til að geta lesið sér til gagns og gamans og til þess að vera færir um að lesa það námsefni sem þeir þurfa að komast yfir. Ef viðmiðum er ekki náð þarf að huga að því hvað veldur. Oft er um þjálfunarleysi að ræða sem vinna má bót á ef allir taka höndum saman.

Viðmið í lestri á miðstigi 5. – 7. bekkur

5.bekkur	200-220	atkv/mín	Einkunn 8.0 - 9.0
6-7.bekkur	220-300	atkv/mín	Einkunn 9.0 -10.0

Miðað er við hraða að vori fyrir hvern árgang.

 <p>Hlutverk skóla</p> <ul style="list-style-type: none">• Mæta hverjum nemanda á hans forsendum.• Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga.• Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í lestrarkennslu.• Láta nemendur lesa upphátt 3-4x í viku að lágmarki.• Vera vakandi yfir framförum nemandans og leita leiða ef þær eru of hægar.• Fylgja leiðbeiningum sérfraeðinga. <p>Lestrarkennsla er samvinnuverkefni skóla og heimilis.</p>	 <p>Hlutverk heimilis</p> <ul style="list-style-type: none">• Sýna lestrarnámi barnsins áhuga.• Láta barnið lesa upphátt 4-5x í viku.• Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga.• Vera vakandi yfir framförum barnsins og leita leiða ef þær eru of hægar.• Fylgja leiðbeiningum sérfraeðinga. <p>Lestrarkennsla er samvinnuverkefni heimilis og skóla.</p>
--	--

Viðbrögð ef lestrarnám gengur hægar en vonir stóðu til

Ef framfarir í lestri eru hægar og ekki gengur eins vel og til stóð, þarf að grípa til úrræða:

- Foreldrar og umsjónarkennari þurfa að ræða málin og ganga fyrst af öllu úr skugga um að nemandi sé að fá nægjanlega þjálfun, bæði í skóla og heima fyrir, skoða hvort nálgast þurfi lestrarnám nemandans á annan hátt og hvort hann þarfnist e.t.v. tímbundinnar sérkennslu.
- Ef veikleikar virðast vera í lestrinum þrátt fyrir þjálfun er eðlilegt að vísa málinu til kennsluráðgjafa sem leggur fyrir greiningarpróf.
- Út frá skilum og leiðbeiningum kennsluráðgjafa er unnið áfram með barnið.

Prófanir í lestri á miðstigi

- Samræmd könnunarpróf hjá 7. bekk í íslensku að hausti (lesskilningur).
- Hraðlestrarpróf í öllum bekkjum í október, desember, lok febrúar og í maí.
- Orðarún í 5. - 6. bekk, 2x á ári. (lesskilningur).

